

Nefndasvið Alþingis,  
Samgöngunefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 09. desember 2009

Efni: Umsögn um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt,  
með síðari breytingum, mál 256.  
Um breytingar á skattalögum, mál 239.  
Um frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatt, mál 257.

Þar sem VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna barst beðni um umsögn 8. desember, vannst ekki tími til að fara yfir allar þær breytingar sem lagðar eru til um breytingar á skattalögum.

VM vill mótmæla harðlega fyrirhuguðu afnámi á sjómannaafslætti samk. 25. gr. liður a. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.


VM telur að með niðurfellingu á sjómannaafslættinum sé verið að framkvæma gróft inngrip í kjör vélstjóra til sjós. Áður en hægt sé að framkvæma afnámið verði ríkisvaldið að vera búið að tryggja það að útgerðir skipa skuldbindi sig að bæta skerðinguna með hækkun á launum þeirra.

VM hefur ekki þá framtíðarsýn fyrir hönd umbjóðenda sinna að hægt verði að sækja skerðinguna á launakjörum vélstjóra til útgerðanna, við allar þær auknu álögur sem útgerðirnar fá í fyrirhuguðum skattahækkunum.

Efnislega tekur VM ekki afstöðu til annarra breytinga á skattalögunum.

VM vil að lokum leggja áherslu á að skattbyrðinni verð skipt sem réttast miðað við efnahag og þeim sem minnst mega sín í samfélaginu verð hlífð eins og kostur er.

Virðingafyllst,  
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna

  
Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.